

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2023/186****2023/EES/83/31****frá 27. janúar 2023**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsyfírvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 57. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 <sup>(2)</sup> er sett fram skrá yfir eftirlitsyfírvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi og eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum. Í ljósi nýrra upplýsinga og beiðna sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá því að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 var samþykkt ætti þó að gera tilteknar breytingar á þeirri skrá.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Certificadora Mexicana de productos y procesos ecológicos S.C.“ um að afturkalla viðurkenningu þess að því er varðar vöruflokk A fyrir Dóminíska lýðveldið, Gvatemala og El Salvador vegna skorts á rekstraraðilum.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „EKO-CONTROL SK s.r.o.“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir öll þriðju lönd sem það er viðurkennt fyrir.
- 4) „LETIS S.A.“ lagði hvorki fram uppfærðar upplýsingar um matsskýrsluna, sem faggildingarstofa þess gaf út skv. 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(3)</sup> varðandi óunnar lagareldisafurðir og þörungum sem LETIS S.A. er viðurkennt fyrir, í ársskýrslu sinni né í kjölfar síðari beiðna.
- 5) Ennfremur lagði „LETIS S.A.“ ekki allar upplýsingar sem tengjast tæknilegum málsskjölum þess fyrir framkvæmdastjórnina.
- 6) „LETIS S.A.“ hefur ekki heldur gert fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta til að bregðast við tilvikum þar sem ekki var farið að, og brotum á, reglum um lífræna framleiðslu sem framkvæmdastjórnin varð vör við. Meðal tilvika þar sem ekki var farið að tilskildum reglum og brota sem vart var við eru: i. fyrir hendi eru nokkrar tilkynningar í upplýsingakerfinu fyrir lífrænan búskap sem varða þennan eftirlitsaðila og ii. ófullnægjandi eftirfylgnirannsóknir af hálfu „LETIS S.A.“ á þessum tilkynningum í upplýsingakerfinu fyrir lífrænan búskap.
- 7) Að lokum, í kjölfar úttektar á „LETIS S.A.“ sem framkvæmdastjórnin framkvæmdi árið 2021, gat „LETIS S.A.“ ekki sýnt fram á að það hefði hrint í framkvæmd skilvirkum og hertum eftirlitsráðstöfunum og gripið til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að ráða bót á þeim ágöllum sem framkvæmdastjórnin benti á. Þetta skapar hættu á að neytendur séu blekktir að því er varðar raunverulegt eðli varanna sem „LETIS S.A.“ vottar.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 26, 30.1.2023, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 259/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 frá 16. desember 2021 um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfírvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 465, 29.12.2021, bls. 8).

(3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

- 8) Af þessum fjórum ástæðum sem settar eru fram í 4.-7. forsendu hér að framan og í samræmi við ii., iii., v. og vii. lið d-liðar 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 <sup>(4)</sup> ætti að fella „LETIS S.A.“ brott af skránni yfir eftirlitsyfírvöld og eftirlitsaðila sem sett er fram í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.
- 9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

<sup>(4)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 frá 27. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 er varða reglur um upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfírvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innfluttar lífrænt ræktaðar vörur og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti (Stjtið. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 20).

## VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. liðar í færslunni sem varðar „**Certificadora Mexicana de productos y procesos ecológicos S.C.**“ kemur eftirfarandi:

„3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
CO-BIO-104	Kólumbía	x	—	—	x	—	—
DO-BIO-104	Dóminíska lýðveldið	—	—	—	—	—	—
GT-BIO-104	Gvatemala	—	—	—	—	—	—
MX-BIO-104	Mexíkó	x	x	—	x	—	—
SV-BIO-104	El Salvador	—	—	—	—	—	—“

2) Færslan fyrir „**EKO-CONTROL SK s.r.o.**“ fellur brott,

3) Færslan fyrir „**LETIS S.A.**“ fellur brott.